

Til fjármála- og efnahagsmálaráðuneytisins  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík  
20. febrúar 2019

Tilv.: FJR19020050/11.0

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. hefur fjallað um bréf ráðuneytisins dags. 12. febrúar 2019 um „ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdastjóra félaga“ eins og segir í bréfinu.

Þar er óskað eftir upplýsingum um launakjör þeirra og þróun frá því í janúar 2017.

Því er til að svara að í framhaldi af breytingum á lögum um Kjararáð var gerður viðauki við ráðningarsamning útvarpsstjóra frá 1. febrúar 2014. Viðauki þessi gilti frá 1. júlí 2017 og kvað á um að laun útvarpsstjóra skyldu vera

1,8 m.kr. á mánuði og fylgja launavísitölu SA og ASÍ frá 1. janúar 2018. Þá er í viðauka þessum tekið fram að Ríkisútvarpið leggi útvarpsstjóra til

farsíma og fartölву og greiði fyrir notkun þess búnaðar. Einnig greiði félagið fyrir tölvutengingu á heimili útvarpsstjóra og áskriftir að helstu fjölmöglum.

Að athuguðu máli taldi stjórn að þessi kjör væru í samræmi við almenna

launaþróun í landinu og er reiðubúin til að veita frekari upplýsinga sé þess óskað.

Fimm ára ráðningarsamningur við útvarpsstjóra rennur út 10. mars 2019

og er unnið að öðrum fimm ára samningi við hann.

F.h. stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.,  
Kári Jónasson, formaður